

Tillaga til 494. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 5. maí 2022

Tillaga frá 1197. fundi bæjarráðs sem fram fór þann 2. maí 2022, um að bæjarstjórn samþykki samstarfssamning Ísafjarðarbæjar og Fossavatnsgöngunnar um framkvæmd Fossavatnsgöngunnar árin 2023-2025, með þeim minniháttar breytingum sem ræddar voru á fundinum.

1. Samningur v. Fossavatnsgöngu 2022-2024 - 2022030115

Á 1193. fundi bæjarráðs, þann 28. mars 2022, var lagður fram til samþykktar samstarfssamningur Fossavatnsgöngunnar og Ísafjarðarbæjar um framkvæmd Fossavatnsgöngunnar árin 2022-2024. Jafnframt var lagt fram minnisblað Hafðísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, dags. 23. mars 2022, vegna málsins.

Bæjarráð óskaði eftir að stjórn Fossavatnsgöngunnar komi til fundar við ráðið.

Er nú lagður fram til samþykktar samstarfssamningur Fossavatnsgöngunnar og Ísafjarðarbæjar um framkvæmd Fossavatnsgöngunnar árin 2022-2024. Jafnframt er lagt fram á nýjan leik minnisblað Hafðísar Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, dags. 23. mars 2022, vegna málsins.

Þá er mættur til fundar við bæjarráð Kristbjörn Róbert Sigurjónsson, stjórnarmaður Fossavatnsgöngunnar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samstarfssamning Ísafjarðarbæjar og Fossavatnsgöngunnar um framkvæmd Fossavatnsgöngunnar árin 2023-2025, með þeim minniháttar breytingum sem ræddar voru á fundinum.